

## 18. gr.

## Úrbótapróf.

Úrbótapróf er nemanda aðeins heimilt að taka, hafi hann:

1. í undirbúningsdeild eða raungreinadeild á næstliðnu vorprófi fallið á meðtalskröfunum um 6.0 hið lægsta, þó þannig að hann hafi náð a. m. k. 5,3.
2. í tæknadeild á 2. og 3. hluta fallið á meðaltalskröfunni 6.0 hið lægsta, þó þannig að hann hafi náð a. m. k. 4,5.
3. í meinataeknadeild á næstliðnu vorprófi fallið á meðaltalskröfunni um 5.0 hið lægsta, þó þannig að hann hafi náð a. m. k. 4,5.
4. í 1., 2. og 3. huta tæknifræðináms fallið á annarri eða báðum kröfunum um 6.0 hið lægsta að vegnu meðaltali úr öllum greinum og ekki lægri einkunn en 4 í einstakri grein, þó þannig að meðaltalið sé ekki undir 5,6, og í einstökum greinum má einkunn ekki vera lægri en svo:
  - a) einkunnin 3 má koma fyrir tvisvar sinnum,
  - b) einkunnin 2 má koma fyrir einu sinni, ef einkunnin 3 kemur ekki fyrir.
  - c) einkunnin 0 eða 1 má ekki koma fyrir.

Nemandi, sem heimilt er að taka úrbótapróf skv. framansögðu, tilkynni rektor um þátttöku með a. m. k. 4ra vikna fyrirvara. Einkunnir í viðkomandi greinum falla úr gildi, þegar nemandi tilkynnir um þátttöku í úrbótaprófi. Þessi próf má ekki halda fyrr en a. m. k. 6 vikur eru liðnar frá síðasta reglulega prófi, en venjulegur próftími er að hausti.

Sérstök úrbótapróf eru með þeim hætti, að hafi nemandi á næstliðnu prófi fengið einkunnina 3 til 7 í einstakri grein, án þess að falla á prófinu í heild, er honum heimil þátttaka í úrbótaprófi í þessum greinum, hafi af öðrum ástæðum verið ákveðið að halda prófin. Hjá þessum nemendum gildir hærri einkunnin.

## 19. gr.

## Prófskírteinin.

Nemandi, sem hefur staðizt öll áfangapróf í einni deild skólans fær prófskírteini, sem staðfestir árangur hans.

## 20. gr.

## Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 66/1972 um Tækniskóla Íslands, og öðlast þegar gildi. Er með henni numin úr gildi reglugerð um Tækniskóla nr. 209 frá 22. ágúst 1964, svo og reglugerð um undirbúningsdeild undir tæknináms, nr. 210, frá sama degi.

*Menntamálaráðuneytið, 21. júní 1973.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*

**REGLUGERÐ****um þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum.**

## 1. gr.

Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum í Axarfirði er stofnaður með reglugerð þessari. Náttúruverndarráð fer með stjórn þjóðgarðsins, ræður þjóðgarðsvörð og annað starfslið, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

## 2. gr.

Mörk þjóðgarðsins eru þessi:

Frá Dettifossi að sunnan og austan, beina stefnu vestur í hátind Eilífs. Frá Eilífi til norðurs í Lönguhlíð og ræður hliðin merkjum út á móts við syðsta og vestasta horn Langavatnshöfða. Úr Langavatnshöfða beina línu í Botnslæk við suðurbotn Ásbyrgis. Þaðan beint í hæsta Rauðhól norðan Hljóðakletta. Úr honum beint í Dagnálahlíðarhorn. Síðan með ánni að Dettifossi.

## 3. gr.

Gangandi fólki er heimil för um þjóðgarðinn.

För á hestum er aðeins heimil á merktum reiðslóðum og afmörkuðum áningarstöðum.

Umferð vélknúinna ökutækja er leyfð á akvegum í þjóðgarðinum, svo sem merkingar segja til um.

## 4. gr.

Heimilt er ferðamönnum að tjalda á merktum tjaldstæðum í þjóðgarðinum en eigi annars staðar nema með sérstöku leyfi þjóðgarðsvarðar.

## 5. gr.

Skylt er öllum að ganga snyrtilega um þjóðgarðinn. Hvergi má þar fleygja rusli á víðavangi né grafa það niður, heldur skal flytja það í sorpgeymslur.

Óheimilt er að vinna þar náttúruspjöll, svo sem skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum.

Enginn má kveikja elda án leyfis og aðgát skal höfð við alla meðferð elds.

Notkun skotvopna í þjóðgarðinum er stranglega bönnuð.

## 6. gr.

Skylt er ferðamönnum að hlíta fyrir mælum gæzlumanna þjóðgarðsins. Náttúruverndarráð getur sett nánari reglur og leiðbeiningar um einstök atriði.

## 7. gr.

Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask í þjóðgarðinum er háð samþykki Náttúruverndarráðs.

## 8. gr.

Náttúrufræðilegar rannsóknir innan þjóðgarðsins eru háðar leyfi Náttúruverndarráðs.

## 9. gr.

Búfjarbeit er óheimil í þjóðgarðinum.

Ákvæði reglugerðar þessarar hagma þó ekki rétti bænda í Kelduhverfi, er þeir njóta samkvæmt samningum við Náttúruverndarráð.

## 10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 47/1971 og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 21. júní 1973.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*

